

við dóms- og kirkjumálaráðuneytið var ákærði vistaður að Vinnuhælinu að Litla-Hrauni í ágústmánuði sl., og hefur hann dvalist þar síðan.

Málið er enn ekki fullrannsakað. Með skírskotun til framanritaðs og heimild í 4. tl. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 þykir óhjákvæmilegt að framlengja gæsluvarðhaldsvist ákærða, á meðan rannsókn málsins stendur yfir, í allt að 60 dögum, en gæsluvarðhaldsvist hans samkvæmt úrskurði frá 22. mars sl. rennur út þann 22. maí 1976.

Því úrskurðast:

Ákærði, Sigurgeir Einar Karlsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 60 dögum frá og með 22. maí 1976.

Þriðjudaginn 15. júní 1976.

Nr. 124/1976. Ákærvaldið

gegn

Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kærú 10. júní 1976 hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar í því skyni, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Gögn máls bærust Hæstarétti 11. s. m.

Á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 11. þ. m. er skráð í þingbók eftir Finni Torfa Stefánsyni héraðsdómslögmanni, skipuðum verjanda varnaraðilja, um þá ákvörðun varnaraðilja að skjóta hinum kærða úrskurði til

Hæstaréttar, að hann sé ekki hlynntur þessari kröfu varnaraðilja, „en bendir þó á, að samanlagt muni hafa liðið allt að 27 klst. frá handtöku kærða til birtingar úrskurðar og því rétt, að á reyni annars vegar túlkun á 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 og hins vegar 66. gr. laga nr. 74/1974“.

Varnaraðili var handtekinn hér í borg um klukkan 1040 miðvikudaginn 9. júní 1976. Sama dag klukkan 2200 tók lögreglumaður skýrslu af honum. Lauk þeirri skýrslutöku klukkan 0025 fimmtudaginn 10. s. m. Klukkan 1015 þann dag kom varnaraðili fyrir dóm til skýrslutöku. Var henni lokið klukkan 1205 og varnaraðili þá settur í fangageymslu. Klukkan 1320 dag þennan kvað héraðsdómari upp hinn kærða úrskurð, og var hann birtur varnaraðilja klukkan 1415.

Af því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að varnaraðili var leiddur án undandráttar fyrir dómara og gæsluvarðhaldsúrskurður kveðinn upp innan þess frests, er getur í 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 og 66. gr. laga nr. 74/1974.

Að svo vöxnu máli ber með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 10. júní 1976.

Ár 1976, fimmtudaginn 10. júní, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi:

Málsatvik.

Skömmu fyrir hádegi þriðjudaginn 8. júní sl. hafði símasamband við dómara Jón Magnússon ráðningarstjóri hjá Eimskipafélagi Íslands. Kvað hann skipstjóra á m/s Reykjafossi, sem var á leið til Reykjavíkur, þá skömmu áður um talstöð hafa tilkynnt, að fíkniefni hefðu fundist um borð. Lögreglumenn og tollverðir héldu um borð í nefnt skip á ytri höfn um klukkan 1430 sama dag og lögðu hald á efni, talið hass s. n., sem var falið í litlum stól eða skemli, og reyndist efni við vigtun 3.031 gr. samkv. lögregluskýrslu. Lögreglurannsókn leiddi til grunsemnda á hendur

Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni stýrimanni, fæddum 15. ágúst 1950, og var sá aðili um klukkan 1100 í gærðag handtekinn af þeim sökum og í gærkveldi yfirheyrður af lögreglu, en áður þrír aðiljar aðrir.

Tekið var í morgun að yfirheyra nefndan Ásgeir Ebenezer hér fyrir dómi, og hefur hann viðurkennt að hafa 29. maí sl. í fylgd með nafngreindum aðilja haldið héðan af landi flugleiðis til London, en þaðan tveim dögum síðar enn flugleiðis til Hollands og í Amsterdam, sennilega aðfaranótt 1. júní sl., af sér ókunnum aðilja keypt um 3 kg. af hassi. Næsta dag í Rotterdam falið efni í lítilli stólsessu og fengið í hendur nafngreindum skipverja á m/s Reykjafossi og beðið fyrir flutning hingað til lands, án þess að nefndur skipverji vissi um innihald pakka.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, en sönnuð sök í því sambandi getur varðað fangelsisrefsingu, og þykja því ákvæði stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds.

Með vísun til ofangreindrar játningar Ásgeirs Ebenzers, þess, að rannsókn er á frumstigi og m. a. ókannað um fjármögnun og ætlaða ráðstöfun meintra fíkniefna hérlendis, og enn fremur með vísan til 1. mgr., 1. tl., 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar nauðsyn til bera, að Ásgeir Ebenezer Þórðarson, fæddur 15. ágúst 1950, sæti gæsluvarðhaldi, sem hæfilega telst ákveðið í allt að 20 dögum.

Úrskurðarorð:

Ásgeir Ebenezer Þórðarson, fæddur 15. ágúst 1950, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.
